


Hafnarfjörður 15. júlí 2014

Hafnarfjarðarbær, Ráðhús Hafnarfjarðar

Fræðsluráð

bt. Rósu Guðbjartsdóttur formanns Fræðsluráðs

Strandgata 6, 220 Hafnarfirði

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	21/7 2014
Málsnr:	1407192
Bréfal:	220

Efni: *Stjúptengsl – fyrir fagfólk*

Ágæti formaður og annað nefndarfólk

Skilnaðir og sambúðarslit eru algeng í okkar samfélagi, auk þess sem töluverður hópur barna fæðist utan sambúðar eða hjónabands. Mikill meirihluti einhleypra foreldra fer í sambúð og stofna stjúpfjölskyldur þ.e. fjölskyldur þar sem annar aðilinn eða báðir sem til hennar stofna eiga börn úr öðrum samböndum. Bæði stofnanir samfélagsins og fjölskyldurnar sjálfar eru misvel í stakk búnar til að takast á við þær breytingar sem fylgja.

Meðfylgjandi er kynning á námskeiði sem ætlað er fagfólk sveitarfélaga sem vinnur með börnum og ungmennum sem og fjölskyldum þeirra. Námskeiðið ber heitið „*Stjúptengsl – fyrir fagfólk*“.

Í námskeiðsmati (N=56) sl. vor kom í ljós að 93% voru mjög/frekar sammála fullyrðingunni „Efni námskeiðsins mun nýtast mér í starfi“. 96,4% voru mjög/frekar sammála fullyrðingunni „Ég er ánægð/ánægður með námskeiðið í heild sinni og rúmlega 78% starfsmanna voru mjög eða frekar sammála því að námskeiðið gæti gagnast sér í einkalífi.


Einnig er í boði:

„*Fjölskyldustefna – börn með tvö heimili*“ sem er sérniðið tveggja tíma námskeið fyrir kjörna fulltrúa og embættismenn sem koma að mótun fjölskyldustefnu.

„*Samræming starfs og einkalífs - Með börn á tveimur heimilum*“ er 90 mínútna erindi og umræður ætlað yfirmönnum með mannaforráð og starfsfólki sem á börn á tveimur heimilum og/eða fær börn maka á heimili. Mörgum reynist flókið að samræma einkalíf og starf, sérstaklega þegar fjölskyldusamsetningin breytist reglulega þegar börn koma og fara af heimili, jafnvel vikulega.

Hafið þið áhuga á frekari kynningu er sjálfsagt að verða við því

Virðingarfyllst

  
Valgerður Halldórsdóttir félagsráðgjafi, MA

Vensl ehf. ritstjóri [www.stjuptengsl.is](http://www.stjuptengsl.is) s.6929101



## Stjúptengsl – fyrir fagfólk haust 2014

### HVER ER Í FJÖLSKYLDUNNI?

SKILNAÐIR OG  
STJÚPTENGL



Niðurstöður rannsókna eiga það sameiginlegt að sýna fram á að sterk fylgni er á milli góðra tengsla, styðjandi samskipta í fjölskyldum og góðrar heilsu, og hvernig þær upplifa aðstæður sínar.

Mikilvægt er því að fagfólk sem vinnur með fjölskyldum í starfi sínu **auki ekki óvart á streitu** í fjölskyldum með þekkingarleysi í stað þess að draga úr henni.

Skilnaðir og sambúðarslit eru algeng í okkar samfélagi, auk þess sem töluverður hópur barna fæðist utan sambúðar eða hjónabands. Mikill meirihluti foreldra fer í sambúð að nýju og stofna stjúpfjölskyldur.

Börn fráskilinna foreldra eru líklegri til að glíma við tilfinningalega erfiðleika, eiga vanda í skóla, verða fyrir einelti, geðræn vandamál og ánetjast fíkniefnum ([www.bvs.is](http://www.bvs.is)). Rannsóknir benda jafnframt til að stjúpforeldrahlutverkið geti verið mjög streituvaldandi.

Stuðningur og skilningur nærsamfélagsins er þeim mikilvægur ekki síður en öðrum fjölskyldum. Verkefni sem þær glíma við eru sum hver þau sömu en önnur eru sérstök. Ekki síst vegna þess að börn sem þeim tilheyra eiga venjulega tvö heimili og foreldrar eiga börn sem tilheyra tveimur og stundum fleirum heimilum.

Hvernig má styðja við börn og fjölskyldur í þessum aðstæðum, við hvern á að eiga samstarf og hvernig á að skrá mál getur flækst fyrir fagfólki ef þekkingu er ábótavant og stefnu vantar. Við slíka aðstæður getur mikilvægur stuðningur farið forgörðum. Að auki er fólk með ólíkar hugmyndir á því hver tilheyrir stjúpfjölskyldu og hver ekki sem getur flækt málin.

Því er mikilvægt er að fagfólk þekki algeng mynstur og uppákomur í stjúpfjölskyldum svo efla megi þrótt þeirra og styrkja bakland barna og ungmenna. Jafnframt að það sé ekki háð tilviljun hvernig samstarfi er háttað, hvernig mál eru skráð eða við hvern er átt samstarf.

#### Á námskeiðinu er fjallað m.a. um:

- Sýnileiki stjúpfjölskyldna – staðalmyndir og stjúpblinda
- Algengar áskoranir – goðsagnir og raunveruleiki
- Hver tilheyrir fjölskyldu skjólstaðings míns? Bakland, stefna stofnana og mat.
- Hlutverk foreldra, stjúpforeldra, hollustubönd, agamál og tengsl í stjúpfjölskyldum
- Að vinna með stjúpfjölskyldum –hlutverk fagmannsins. Dæmi

#### Ávinningur:

- Þekkir sérstöðu stjúpfjölskyldna og getur leiðbeint þeim á uppbyggilegan máta – með hagsmuni barna og fjölskyldum þeirra að leiðarljósi
- Komið að stefnumótun í sveitarfélaginu að málefnum barna og ungmenna sem eiga foreldra á tveimur heimilum sem og stjúpforeldra á öðru eða þeim báðum.
- Lærir um algengar uppákomur í stjúpfjölskyldum
- Öðlast skilning á þörfum stjúpfjölskyldna
- Meira öryggi í samstarfi við stjúpfjölskyldur og heimili

**Fyrir hverja:** Fagfólk eins og félagsráðgjafa, sálfræðinga, kennara á öllum skólastigum, hjúkrunarfræðinga, sýslumenn, þroskaþjálfara, ljósmæður, lækna, presta, áfengis- og vímuefnaráðgjafa, kennsluráðgjafa, lögfræðinga, tólmstundafræðinga, íþróttþjálfara, náms- og starfsráðgjafa og aðra sem vinna með fjölskyldum.

Hægt er að aðlaga námskeiðið að ákveðnum starfshópum en nokkur svið/nefndari geta líka tekið sig saman og haldið námskeið.

**Hvenær:** samkomulagsatriði

**Kennslufyrirkomulag:** Fyrirlestur, umræður, myndband og dæmi. Innifalið er kennslugögn – og allir þátttakendur fá staðfestingu á þátttöku sinni. Gagnlegt fyrir þá sem eru að safna punktum fyrir sérfræðileyfi. Kennt er annað hvort í 7 tíma eða tvo hálfra daga.

**Kennari:** Valgerður Halldórsdóttir (ég) er menntaður félagsráðgjafi, MA, og hefur auk þess lokið kennslu- og uppeldisfræði til starfsréttinda og BA prófi í stjórnmálafræði. Hún er aðjúnkt við Félagsráðgjafadeild HÍ og rekur Vensl. Þar sinnir hún einstaklings- para og fjölskylduráðgjöf, kennslu, fræðslu, úttekum og samningagerð. Hún hefur jafnframt haldið úti vefnum [www.stjuptengsl.is](http://www.stjuptengsl.is) og er formaður Félags stjúpfjölskyldna. Hún er höfundar bókarinnar „Hver er í fjölskyldunni? Skilnaðir og stjúptengsl“ sem kom út hjá Forlaginu 2012.

Áður starfaði ég m.a. sem framhaldskólakennari við FB og MS, skólafélagsráðgjafi í framhaldsskóla (MS) og grunnskóla (Lækjarskóla og Setbergsskóla), og var framkvæmdastjóri Félagsráðgjafafélags Íslands.

Ég hefur hlotið viðurkenningar fyrir framlag mitt til málefna stjúpfjölskyldna s.s. frá Heimili og skóla, tilnefnd til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins. Ég varð Félagsráðgjafi ársins 2013 og hafði tvisvar áður hlotið tilnefningu. Jafnframt hef ég skrifað fjölda blaða- og tímaritsgreinum um fjölskyldumál og gengt ýmiss konar trúnaðarstörfum sem tengjast þessum málaflokk. Ég hef hlotið tvívegis styrki frá Lýðheilsustöðinni til að koma á Foreldraneti í framhaldsskóla og síðan hjá Félagsráðgjafafélagi Íslands til að gera könnun á meðal stjúpfjölskyldna. Þessa dagana er ég ásamt Dr. Sigrúnu Júlíusdóttir og Dr. Sigurveigu H. Sigurðardóttir að undirbúa rannsóknna að baklandi aldraða í stjúpfjölskyldum. Erlendar rannsóknir sýna að áhrif skilnaða og stjúptengsla geta varað alla ævi og skert stuðningsnet fólks á öllum aldri, sé ekki stutt við það.

#### **Tilboð haustönn 2014**

**Verð:** Námskeiðið samsvarar 7 kennslustundum. Kostar námskeiðið 198 þúsund krónur óháð fjölda þátttakenda. Staðarhaldarar sjá um ljósritun kennslugagna fari þátttakendur yfir 50, húsnæði fyrir námskeið og kaffi/meðlæti. Samkomulag er hver heldur um skráningu þátttakenda.

#### **Venjulegt verð er:**

Verð á einstakling er 2200 krónur á mann og er þá bókin innifalln „Hver er í fjölskyldunni? Skilnaðir og stjúptengsl“ eftir Valgerði Halldórsdóttur.